

ÓSTÝRILÆTI OG FÁGUN

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Ekki verður annað sagt, en að unga kynslóðin sækir stíft á íslenskan myndlistarvettvang.

Einkasýningar fulltrúa hennar eru tíðar ekki síður en þátttaka í hinum ýmsu samsýningum og þannig bendir allt til þess, að þeir telji sig hafa eitthvað að leggja til málanna og ástæðu til að slá í borðið.

Það er allt af hinu góða og einkum, ef þeir sleppa heilskinnadír úr þeim miklu átökum, sem tilheyra sýningartilstandi í okkar litla þjóðfélagi.

Hins vegar er Reykjavík hvorki Berlín né París ellegar London eða Amsterdam, Köln eða Zürich, heldur einfaldlega smáborg á hjara veraldar, sem gríðarlegir listrænir vaxtarverkir hrjá. Of-framboð á sýningum hefur valdið síminnkandi aðsókn á undanförunum árum og víst er, að það er ekki lengur neitt ævintýri að fara á opnanir sýninga, því að þær geta verið allt að 5 á svipuðum tíma.

Fyrir vikið fara ýmsar ágætis sýningar hjá án þess að vekja verðskuldaða athygli, en aðrar lítilsgildari njóta þess kannski að koma á réttum tíma, er fjölmörgarnir taka við sér. Það gera þeir reglulega en á milli gætir eðlilega þreytu líkt og hjá mannfólkinu, sem ætlast er til að komi og skoði í gullakistu listagjöfjunnar.

Á Kjarvalsstöðum er líf og fjör á veggjunum um þessar mundir, auk þess sem gólfliótinn prýða einnig tilfallandi listaverk. Í vestri sal sýna þrjár listspírur núlistum vígðar, sem allar eiga það sameiginlegt að hafa stundað nám við MHÍ á árunum 1975–79 og vera á líku reki, en annar er skyldleikinn ekki, a.m.k. ekki sá listræni.

Unga fólkið hefur skipt sýningunni í þrjá afmarkaða hluta og í hinum fyrsta, er blasir við skoðandanum er inn er komið, sýnir Björg Örvar fyrirferðarmikil listaverk. Hún hélt nám áfram í Bandaríkjunum á árunum 1981–83 og hélt þar eina einkasýningu áður en hún sneri á heimaslóðir. Hefur haldið einkasýningar í Gallerí Borg og í Nýlistasafninu auk sýninga úti á landi og í útlöndum.

Það að koma inn í hluta Bjargar leiddi huga minn að því er ég leit nýbylgjumálverkið fyrst augum á sýningunni „Westkunst“ í Köln Deusch fyrir líðlega fimm árum.

Þetta er nú ein aðferðin, sem einkennið nýbylgjumálverkið og ekki dugir ferhyrni, sígildi flötur-



Frá undirbúningi sýningarinnar í Vestursal Kjarvalsstaða, Jón Axel Björnsson t.h.

inn einn hér frekar en hann gerði hjá byltingarseggjunum í Köln, því að ýmis afbrigði vaxa út frá honum líkast framlengingu tilfinningaflæði gerandans.

Þannig var hráa málverkið upprunalega, en þróaðist á ýmsa vegu á því skamma tímaskeiði, sem markaði blómaskeið þess, og hlýtur því listakonan að teljast fullgildur fulltrúi stefnunnar í íslenskri myndlist.

Í stuttu máli er hér á ferð óheft tilfinningagögn, þar sem gerandinn hefur ekki hinar minnstu áhyggjur af því, hvort útkoman hreyfi við fegurðartilfinningu samtímans — komi það sem koma skal...

Í miðhlutanum sýnir Valgarð-

ur Gunnarsson 21 málverk af allt öðrum og agaðri toga.

Valgarður stundaði einnig framhaldsnám í Bandaríkjunum og hefur haldið þrjár einkasýningar í Reykjavík auk þátttöku í farandsýningunni „Miklatín — Manhattan“ á vegum norrænu listamiðstöðvarinnar 1986.

Valgarður varð auðsjáanlega fyrir miklum áhrifum í Bandaríkjunum og vöktu myndir, er hann sýndi eftir heimkomuna, strax drjúga athygli fyrir sérstæð „artistísk“ vinnubrögð.

Þessi vinnubrögð hefur Valgarður þróað staðfastlega allar götur síðan, en þó má kenna ýmissa breytinga, en þó engin

stökk á milli myndstíla þótt hann vinni í senn figuratívt og óhlutlægt. Yfirleitt hefur Valgarður látið sér nægja að vinna í litlum stærðum og það virðist hafa hent að honum ágætlega til þessa og það álit mitt breyttist ekki eftir skoðun framlags hans — hinar minni myndir eru þannig undantekningarlítið sterkari og agaðri í byggingu, þótt myndirnar „Svartur skór“ (10) og „Bormenn Íslands“ (12) séu athyglisverð verk og gefi til kynna listamann í markvissri gerjun.

Þótt verk Valgarðs kunni að orka á marga íhaldssamari en félagi hans, þá vinnur hann sum- ar myndirnar þannig, að þær

minna sterklega á Neo-Geo-stefnuna, sem er einmitt það, sem virðist vera ofan á í Evrópu í augnablikinu.

Yst í salnum sýnir svo Jón Axel Björnsson 9 málverk og einn voldugan skúlptúr.

Gangstætt félögum sínum lét Jón Axel sér nægja námið við MHÍ, en hefur hins vegar málað af miklum krafti hér heima og sá kraftur virðist frekar færast í aukana en hitt.

Hann hefur haldið þrjár einkasýningar, sem allar hafa vakið athygli og einkum sú fyrsta, sem var í Ásmundarsal árið 1982, en þar kvaddi hann sér hljóðs á eftirminnilegan hátt. Auk þess tekið þátt í samsýningum hér heima, Svíþjóð og Frakklandi. Jón Axel er ekki hræddur við stærðirnar og virðist koma einfaldri formhugsun sinni í öflugan búning jafnt á stóran sem smáan flöt.

Þannig kemst hann vel frá hinni risastóru mynd „Til einkana“ (6), sem líkist þó einna helst sviðsmynd í leikhúsi og mynd hans „Andartakspögn“ (5) tel ég toppinn á allri samanlagðri sýningunni, eins konar þrumuskot í bláhornið.

Tilraun hans í skúlptúrnum er og allrar virðingar verð, þótt ég meti málverkin meira.

Dregið saman í hnotskurn þá kynnir þessi umbrotaríka samsýning gjörólíkar stefnur, sem ofarlega hafa verið á baugi í núlistum heimsins og náð hafa að festa rætur hér. Jafnframt þrjá listamenn af yngri kynslóð, sem eru að hamast við að greina þær og yfirfæra á íslenskan vettvang — en enn sem komið er með misjöfnu árangri.


LISTRÆNT HANDVERK

Í vestri gangi Kjarvalsstaða sýnir Katrín H. Ágústsdóttir 52 vatnslitamyndir og stendur sýningin til 11. október. Katrín hefur áður sýnt vatnslitamyndir sínar á þessum stað, sem hún virðist hafa tekið ástföstri við.

Það eru nokkur ár síðan Katrín sneri sér að vatnslitategninni eftir að hafa um árabil unnið í batík og kjólahönnun.

Vatnslitategnin er mjög ólík batíktækninni svo að þetta var allstórt stökk hjá Katrínu, en á fyrstu sýningum hennar komu þó fram ótvíræðir hæfileikar í sumum myndanna og einnig mátti merkja framför í þeim næstu.

En ávallt hefur það verið svo, að nokkrar myndir hafa tekið öðrum langt fram á sýningum hennar og á því hefur ekki orðið nein breyting, sé tekið mið af þeirri, er nú stendur yfir.



Morgunblaðið/KG

Katrín H. Ágústsdóttir við mynd sína „Öræfaslóð“.

Katrín virðist vera nokkuð hikandi við að færast mikið í fang, hvort heldur það er beislun einfaldleikans eða hins fjölþætta.

Vatnslitategnin er mjög kröfuhörð og vandmeðfarin, svo sem allir vita, sem nálgast hafa hana — kostar miklar yfirlegur og ná-

kvæmni í vinnubrögðum, vilji viðkomandi ná valdi á henni.

Þess hef ég áður vísað til varðandi sýningar Katrínar, og það er einungis skólalabókardæmi að benda á þær myndir, er búa yfir mestri tæknilegri ögun ásamt listrænu útfærslunni. Nefni ég hér til áreitingar myndir eins og „Jarðrask“ (9), „Skógarland“ (10), „Fjalladalur“ (23), „Garðsbrot“ (34) og „Skógarkjarr“ (43). Þá eru meiri átök í myndinni „Sumar á Suðurlandi“ (4) en í öðrum á sýningunni og í myndinni „Fjallasýn“ (51) er efri helmingurinn kannski betur málaður en nokkuð annað á sýningunni, en það er sá neðri ekki.


Sýningin bendir sterklega til þess, að Katrín þurfi að stokka upp spilin og athuga sinn gang, því að hún getur gert svo miklu betur að mínu mati. En að öðru leyti er ekkert við því að segja ef slík léttvæg nostursvinnubrögð fullnægja listrænum metnaði hennar.

Kvenfélag Háteigs-sóknar með kökubasar

KVENFÉLAG Háteigssóknar heldur árlegan kökubasar sinn í Blómavali við Sigtún, laugardaginn 3. október og hefst hann kl. 10 árdegis.

Eins og flestum hér í borginni er kunnugt er unnið að gerð altarismyndar í kór Háteigskirkju. Hefir Kvenfélag Háteigssóknar kostað alla vinnu og tillögur listamanna til þessa, en aðalvinnan við gerð mósálmýndarinnar er enn eftir og mun kosta mikið fé. Kvenfélagið hefir tekið að sér að greiða alla þá vinnu.

Ágóði af sölu á kökubasarnum í Blómavali á laugardaginn rennur til þessa verkefnis. Vel væri, að sem flestir styrki Kvenfélag Háteigs-




sóknar í þessu verkefni með því að kaupa ágætis kökur, sem félagskonur hafa lagt til á basarinn. Frá prestum Háteigskirkju.

Hafsteinn Austmann sýnir í Galleríi íslensk list

HAFSTEINN Austmann opnar á laugardag 3. október, sýningu á 30 vatnslitamyndum í Galleríi íslensk list. Myndirnar á þessa sýningu eru unnar síðustu þrjú árin.

Hafsteinn er fæddur árið 1934. Hann stundaði nám við Myndlistaskólann í Reykjavík og síðar í Myndlista- og handíðaskóla Íslands. Hann dvaldi síðan einn vetur í París þar sem hann stundaði nám við Akademi de la Grande Chaumier. Í París bauðst honum að taka þátt í sinni fyrstu samsýningu með hinum virta listahóp Realites Nouvelles árið 1955. Ári síðar fluttist hann til Íslands og hélt sína fyrstu einkasýningu í Listamannaskálanum árið 1956. Hafsteinn hefur tekið þátt í fjölda samsýninga hérlendis sem erlendis og einkasýningar hans eru nú orðnar 14.

Myndir Hafsteins eru afstrakt-



Hafsteinn Austmann við uppsetningu verka sinna.

myndir og hefur hann unnið jöfnum höndum með vatnslitum, akrýllitum og olfulitum. Á þessari sýningu verða þó eingöngu sýndar vatnslita-

myndir. Sýningin stendur í þrjár vikur og er opin virka daga frá klukkan 9 til 17, en um helgar er hún opin milli klukkan 14 og 16.